

**Austurbrú ses.**  
**3. stjórnarfundur**  
**haldinn 5. júní 2012 kl. 15.00**  
**í Fróðleiksmolanum á Reyðarfirði**

**Mættir:** Anna Dóra Helgadóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson, Sigrún Blöndal, Skúli Björn Gunnarsson, Valdimar O. Hermannsson og Þórunn Eymundardóttir. Sverrir Mar Alertsson boðaði forföll. Jafnframt sat fundinn Þorkell Pálsson framkvæmdastjóri.

**Dagskrá:**

1. Stefnumótun, kynning Péturs Guðjónssonar
2. Sameiningarmál
3. Ráðningar starfsmannamál
4. Staða samningamála við sveitarfélögin
5. Staða annarra samninga
6. Önnur mál

*Formaður setti fund kl. 15.15. Samþykkt að Skúli Björn ritaði fundargerð þessa fundar. Gengið til dagskrár.*

**1. Stefnumótun**

Pétur Guðjónsson frá Global Consulting Group kom inn á fundinn og kynnti aðferðafræði sína við stefnumótun. Eftir að hann yfirgaf fundinn tóku við almennar umræður um stefnumótun fyrir stofnunina. Stjórn er einhuga um að fara í stefnumótun fyrir Austurbrú og felur framkvæmdaráði að klára málið með framkvæmdastjóra þegar tilboð í vinnuna liggja fyrir.

**2. Sameiningarmál**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því hvernig uppgjörsmál stæðu hjá eldri félögum og stofnunum. 31. maí var lokadagur í starfsemi þeirra og færsla bókhalds og afstemmingum á að vera lokið 30. júní. Þá verður tilbúinn stofnefnahagur fyrir Austurbrú. Þessi vinna gengur eftir áætlun.

Framkvæmdastjóri sagði frá þeim tilboðum sem borist hafa í tækni- og tölvumál Austurbrúar en leitað var til nokkurra aðila. Hagstæðasta tilboðið barst frá Nýherja.

Framkvæmdastjóri kynnti að leitað hefði verið til þriggja austfirskra aðila eftir tilboðum í bókhald stofnunarinnar. Tilboð liggja fyrir en úrvinnsla er ekki lokið.

**3. Ráðningar og starfsmannamál**

Austurbrú hefur auglýst nokkur störf að undanfögnu. Umsóknir í störf nýsköpunar- og þróunarfulltrúa og markaðsfulltrúa voru á þriðja tug í hvort starf. Hagvangur er í viðtalsferli með hæfustu umsækjendur og reiknar framkvæmdastjóri með að ljúka ráðningum í júní. Umsóknarfrestur um 2-3 störf við náms- og starfsráðgjöf og símenntun rennur út 10. júní.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að starfsmenn hafi verið fluttir yfir til nýrrar stofnunar á sömu kjörum og þeir hafa haft hjá fyrri stofnunum. Lengri tíma tekur að koma á samræmdri launastefnu og stofnanasamningi en reiknað var með og stjórn telur eðlilegt að gefa því þann tíma sem þarf.

Stór starfsmannafundur verður á föstudaginn og þá verður fyrsta skrefið stigið í að hrista hópinn saman.

#### **4. Staða samningamála við sveitarfélögin**

Grunnsamningar við sveitarfélögin eru frágengnir. Staða viðaukasamninga er mismunandi en viðræður í gangi um hvernig starfsstöðvar og starfsmenn tengjast við Austurbrú. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að þessum samningum en þeir verða síðan lagðir fyrir stjórn þegar drög liggja fyrir.

#### **5. Staða annarra samninga**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir hugmyndum varðandi tengingu Austurbrúar við Breiðdalssetur og möguleika á starfsstöð á Breiðdalsvík. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram og koma með skýrar hugmyndir inn á næsta stjórnarfund.

Framkvæmdastjóri sagði frá fundi hans og formanns með forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar. Unnið er að því að starfsmenn NMÍ verði tveir á Austurlandi og þeir muni vinna náið með Austurbrú og verða staðsettir í húsnæði Austurbrúar. Stjórn styður þessa tillögu og felur framkvæmdastjóra að útfæra þetta samstarf í samráði við formann.

#### **6. Önnur mál**

##### **a) Fundarsköp og vinnureglur stjórnar**

Samþykkt að fundargerðir stjórnar verði opnar og aðgengilegar á netinu.

Samþykkt að formaður sé talsmaður stjórnar í þeim málum sem varða stefnu og ákvarðanir stjórnar en framkvæmdastjóri talsmaður stofnunarinnar í þeim málum sem varða daglegan rekstur og þjónustu.

##### **b) Fundur um sóknaráætlun landshluta**

Formaður greindi frá fundi um sóknaráætlanir landshlutanna í Reykjavík, 24. maí, þar sem hann kynnti m.a. hugmyndafræði Austurbrúar fyrir fulltrúum annarra landshlutasamtaka og fulltrúum ráðuneytanna í stýrihópi. Hún var einnig kynnt fyrir ráðuneytisstjórum og öðrum fulltrúum stjórnsýslunnar í Reykjavík mánudaginn 4. júní.

##### **c) Merkingar og markaðssetning Austurbrúar**

Formaður ræddi um mikilvægi þess að auka sýnileika Austurbrúar og fara að koma nafni og merki betur á framfæri. Rætt um að koma austur.is í lag hið fyrsta og að undirskriftir starfsmanna í tölvupóstum verði frá Austurbrú. Einnig þarf að ganga frá símanúmerum og símtalaflutningi án þess þó að þurrka út gömlu heitin strax út úr Símaskránni. Framkvæmdastjóra falið að koma með tillögur um „markaðssetningu“ inn á næsta stjórnarfund.

**d) Næsti stjórnarfundur**

Ákveðið að halda næsta stjórnarfund 2. júlí kl. 15 áður en sumarfrí tekur við.  
Staðsetning ákveðin þegar nær dregur.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17.30.*

Skúli Björn Gunnarsson ritaði fundargerð

Valdimar O. Hermannsson form.

Anna Dóra Helgadóttir

Arnbjörg Sveinsdóttir

Rögnvaldur Ólafsson

Sigrún Blöndal

Þórunn Eymundardóttir